

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 849/2023 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2023/2024 og almanaksárið 2024.

1. gr.

Tafla í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Úthlutun/bátar	Þorskgildistonn
1. Úthlutun til rækjubáta:	807
Frá Arnarfirði	84
Í Ísafjarðardjúpi	94
Við Húnaflóa	153
Við Skagafjörð	158
Á Skjálfanda	72
Við Öxarfjörð	208
Á Eldeyjarsvæði	24
Í Norðurfjörðum Breiðafjarðar	14
2. Úthlutun til skelbáta:	1.008
Frá Arnarfirði	7
Við Húnaflóa	34
Við Breiðafjörð	942
Við Hvalfjörð	25
Samtals:	1.815

2. gr.

Við 16. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Um borð í fiskiskipum skal vera búnaður til að koma í veg fyrir að fuglar og spendýr festist í veiðarfærum þegar veiðarfæri eru sett í sjó.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og 14. gr. laga nr. 79/1997, um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 28. ágúst 2023.

Svandís Svavarsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.